



Blöðungur

Menningartímaritið

1. TBL. 5. ÁRG.
FEBRÚAR 2010

We increasingly live in a complicated world in which those things that can be done in one click get done, and those that can't, don't.



Heyrst hefur að Edda fjármálastjóri sé búin að eigna sér ljósritunarvélina á 2. hæðinni. Hún leyfir engum óviðkomandi að snerta hana og bregst ill við ef skipt er um pappír í vélinni án hennar samþykkis. Á sunnudögum mætir Edda og þússar glerið og klappar vélinni. Edda mun vera í viðræðum við Nýherja um að fá bleikan tóner í vélina. *Ljósmynd/Unga Akureyri*

12 vísað frá landinu Ógnaralda stöðvuð í fæðingu

Síðdegis í dag höfðu alls 12 félagar í vélhjólasmötökunum IFLA og stuðningsklúbbum þeirra verið stöðvaðir við komu þeirra til Keflavíkurflugvallar. Mönnunum var meinuð landganga. Sex þeirra hafa farið úr landi.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra er tilefni þessara aðgerða koma féлага í IFLA og stuðningsklúbbum þeirra til landsins í tengslum við veisluhöld sem íslensku vélhjólasmötökin Info MC-Iceland (Upplýsing) hafa boðað til á morgun í nýjum höfuðstöðvum sínum í Mosfellsbæ.

Lögreglan segir, að IFLA-vélhjólasmötökin og stuðningsklúbbar



Félagar í Upplýsingu biðu í Leifsstöð eftir boðsgestum. *Ljósmynd/Andvari*

þeirra haldi uppi skipulagðri glæpastarfsemi víða um lönd. Félagar í samtökunum hafi víða hlotið þunga dóma m.a. fyrir skjalafals, bókabrásk og handritasmýgl.

Í yfirlýsingu frá Upplýsingu kemur fram að félagið mótmælir framkomu yfirvalda við „viðurkennt íþróttafélag“ eins og þar segir orðrétt.

Próunarkenningin:



Rannver



Oliver



Hlöðver



Félagar í samtökunum einkenna sig með húðflúri sem segir til um stöðu viðkomandi innan hópsins



Þær Hildur Gunnlaugsdóttir og Nanna Bjarnadóttir stofnuðu fyrir tveimur árum söluturninn Blómstrið sem selur sérblandaða blómasaft. Saftin nýtur vaxandi vinsælda meðal unglunga í höfuðborginni. Lyfjaeftirlitið hyggst nú stöðva starfsemina eftir að í ljós kom að kjarnalía baldursbrár inniheldur áður óþekkt ofskynjunarlyf. „Meðan þetta er ekki á lyfjaskrá þá geta þeir ekkert gert“ segir Hildur og hellir brosand í glösin. *Ljósmynd/Bænabréfið*

Okkur líður bara vel af þessu



Hrakningasaga

Hugðust fara til Selfoss í teiti en enduðu í Borgarnesi með Teiti

Nokkrar stúlkur úr Reykjavík lentu heldur betur í óvæntri uppákomu þegar þær hugðust sækja ungmennafélagsskemmtun í Hvítahúsinu á Selfossi en uppgötvuðu svo í miðjum Hvalfjardargöngunum að þær höfðu stigið upp í vitlausu rútu. „Þetta var auðvitað rosalegt sjokk fyrir mig“ sagði Hafdís H. Vilhjálmisdóttir. „Ég var búin að mæla mér mót við kærastann sem síðan endaði bara uppí hjá einhverri landsbyggðargæru. Þetta var algjör bömmur bara. Ég get varla talað um þetta, sorry.“

Vefsafnið með heimasíðu

Vefsafn Landsbókasafns Íslands— Háskólabókasafns er nú komið með heimasíðu þar sem hægt er að skoða myndir af helstu vefjum safnsins og fræðast um notkun þeirra.



Réttu handtökin

Soffía Bjarnadóttir sýnir hér réttu handtökin á fótstignum vefstól úr hnotu. Vefstóllinn er einn af fjölmörgum gripum vefsafnsins sem nú er hægt að kynna á Alnetinu. Ljósmynd/Táningurinn

Bókabrask: Þórný og Sigurgeir flutt til London: Talin hafa auðgast gríðarlega

Að minnsta kosti tveir starfsmenn Millisafnalána, þau Þórný Hlynsdóttir og Sigurgeir Finnsson, standa á bak við félög sem grunur leikur á að hafi brotið með stórfelldum hætti gegn gildandi gjaldreyrshöftum. Þetta hefur Hlöðver eftir öruggum heimildum.


Starfsmennirnir hafa flutt lögheimili sitt til Lundúna og stunda



Viðskipta- hneyksli

þar viðskipti meðfram því að vinna á Landsbóksafninu. Þykir grunsamlegt að þriðji starfsmaður Millisafnalána, Sigurjóna Sigurðardóttir, sé að hætta störfum með þeim útskýringum að hún sé „að útskrifast“.

Eftir hrun íslenska fjármálakerfisins urðu þremmingarnir afar umsvifamikil í bókabraski á heimsmarkaði og eru talin hafa auðgast um milljarða á viðskiptunum.



Sandfuglahvíslið á götunni:

Heyrst hefur að starfsmannastjóri sé að undirbúa farveginn fyrir þátttöku í Stofnun ársins 2010 svo Landsbókasafnið lendi í topp 5. Hún er búin að standa í smákökubakstri síðan í janúarbyrjun, heldur Excel-námskeið fyrir útvalda, fær RÚV til að sýna eldgamla handboltaleiki þar sem Ísland „vinnur“, ætlar að tryggja sigur í Lífshlaupinu með vafasömum aðferðum og stefnir á markvisst tap í pubquizum, allt til að bæta starfsanda og stolt af vinnustaðnum svo safnið skori hærra.

Hlöðver sér í gegnum svona uppátæki og hvetur félagsmenn til að hunsa konuna, sjái þeir hana á göngunum.

Sendu stórfé til Tortóla

Skiptastjóri þrotabús eignarhaldsfélagsins Samsonar rannsakar nú hundraða milljóna króna lánveitingar frá félaginu til aflandsfélags Landsbókasafnsins á Bresku Jómfrúareyjum á árunum fyrir bankahrúnið. Félagið heitir **Biblinapacc** sem er talið standa fyrir **La Biblioteca Nacional y Nacional Portal de Acceso** og er talið vera skálkaskjól stjórnenda safnsins til að tryggja áframhaldandi rekstur Landsaðgangs á Íslandi.

Einu gögnin um lánveitingarnar sem finna má í bókhaldi Samsonar eru millifærslubeiðnir og tölvupóstar þar sem stjórnendur Landsbókasafnsins biðja um að tiltekna upphæðir verði millifærðar út af reikningum Samsonar og yfir á reikninga aflandsfélagsins í gegnum Búnaðarbankann í Lúxemborg.

Þegar Landsbókavörður var spurður um málið var svarið ein-



Landsbókavörður hefur haft lokað að sér um nokkurt skeið. Endurskoðendur safnsins koma af fjöllum. *Ljósmynd/Helgarpósturinn*

falt: „Ég á etta, ég má etta.“

Hlöðver mun fylgjast með málinu sem kunnugir segja vera eitt mesta fjársvikamál síðan upp komst um lifrarpylsuundanskotin í mötuneytinu—en þar voru starfsmenn handritadeildar að verki eins og kom í ljós eftir ítarlega rannsókn greiningardeildar ríkislögreglustjóra síðla árs 2007.

Munið

Vinsælu fyrirferðar- litlu vasapelarnir okkar komnir aftur

Fyrir vorferðina

fermingarveisluna

móttökuna á Bessastöðum

Tóbaksverslunin Björk



Gjaldkeri félagsins, Jóhann Helgi Heiðdal, sagðist ekki myndu fara upp úr meðan hlaup-
bangsinn héldist á floti. *Ljósmynd/
Lögreglublaðið*

Síkið gjaldþrota

Leynifélagið Síkið eða Hornborðið við síkið sem var stofnað árið 2008 í þeim tilgangi að stunda undirróður gegn þáverandi ríkisstjórn hefur nú verið tekið til gjaldþrotaskipta hjá skiptastjórn Gamla Landsbankans. Meginástæða þess að félagið fór í þrot er nýja útvarpsgjaldið sem leggst á alla lögáðila, hvort sem þeir eru á Facebook eða ekki.


Minniháttar átök urðu þegar meðlimir félagsins voru leiddir í járnum út úr mötuneytinu í fyrradag. Þeir bíða þess nú að mál þeirra verði tekið fyrir hjá Héraðsdómi Austurlands.

Hver er fyrirmyndin að bókasafni Ömmu Huldar?


Eftir að bók Þórarins Leifssonar, *Bókasafn ömmu Huldar*, fór sigurför um jólamarkaðinn síðustu jólfestir hefur staðið styr um það hverjar eru fyrirmyndirnar að persónum bókarinnar. Ekki hefur bætt úr skák að höfundurinn hefur sjálfur verið þögull sem gröfin, hvernig sem á hann er gengið, sem aftur hefur gefið alls kyns gróusögum byr undir báða vængi.

Nú hafa flestir að vísu sæst á að fyrirmyndin að Hamborgarabúllu Böðvars sé Hamborgarabúlla Tómasar við Reykjavíkurslipp. Hávar M. Grímsson mun vera lifandi eftirmynd Jakobs Guðrúnarsonar Ólafssonar, almanna-tengslafulltrúa hjá verktakafyrirtækinu ÁJ Fasteignum og sjálf amma Huld á sér víst fyrirmynd í Helgu Sigrúnu Þorsteinsdóttur, leikskólakennara í Mosfellsbæ. Sú forræðisdeila sem nú stendur hæst er hins vegar um það hver sé fyrirmyndin að bókasafninu sjálfu sem leikur stórt hlutverk í sögunni.

Fljótlega eftir að bókin kom út gerði Borgarbókasafnið tilkall til heiðursins og benti á að það væri einmitt staðsett nálægt umræddri hamborgarabúllu eins og í sögunni. Á þetta féllust margir þangað til Áslaug Agnarsdóttir blandaði sér í umræðuna með aðsendri grein í Morgunblaðið 6. janúar síðastliðinn. Þar nefnir hún fjölmörg dæmi úr bókinni sem benda sterklega til þess að fyrirmyndin að bókasafni ömmu Huldar sé Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Einkum er það atriði þar sem amma Huld



lætur börnunum í té „bunka“ af bókum um sprengjugar sem Áslaugu þykir vera óyggjandi sönnun þess að um akademískt bókasafn sé að ræða. „Mér vitanlega á Borgarbókasafnið bara eina bók um sprengjugar, *Matreiðslubók stjórnleysingjans*, og hún er í geymslu hjá þeim,“ segir Áslaug í grein sinni og bætir við: „Á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er örugglega að finna stærsta safn landsins af bókum um þetta efni, sem henta öllum aldurshópum.“





(Eineggja) tvíburar dagsins

Özzenegger gefur hollráð fyrir helgina


Menn eru ekki alltaf sammála um hvort maður eigi að velja myndarlegan vængmann eða ljótan. Ef þú gætir fengið að velja á milli þess að Áki sé vængmaðurinn þinn eða Bragi – hvorn myndir þú velja? Já! Stopp. Time out! Veltu þessu fyrir þér því þetta er lykilspurning.

Ef þú velur Áka er það eins og Matthew McConaughey hafi sagt Tom Cruise að hanga heima og tekið Philip Seymour Hoffman með sér í staðinn. Þú verður fáránlega sexy EN á móti kemur að kellingarnar eru kannski ekkert að koma og tylla sér við borðið því að Philip Seymour Hoffman er ekki beint kvennasegull. Það er frekar að þið sitjið uppi með einhverja nördahjörð sem eru að spá í því hvernig í ósköpunum það kom til að Össi nennti að taka Áka með sér út á lífið. Það er spurning sem þú nennir ekkert að vera að svara.

Ef þú tekur Braga með þér á djammíð þá eru tveir kjötaðir gríðarlega kynsandi menn farnir á



djammið og hvað gerist? Hvað gerist þegar belja kúkar? Það koma þrettán þúsund flugur og slást um að komast í kúkin. (Kellingar eru flugurnar í þessu samhengi ef þú ert ekki að fatta líkingarmálið.) Ef þú tyllir þér á Austur við borð með Braga og það eru kannski 2 til 3 lausir stólar við borðið líða í mesta lagi þrjár sekúndur þangað til nokkrar bónaðar eru mættar öskrandi: „Hæjj Össih foleh og Bragi. Sjett þið eruð geggjáðir, eretta borð laust eedeð!“ ÞANNIG AÐ ... veldu þér myndarlegan og skemmtilegan vængmann.




SÁMBÍGN KRINGLUNNI	
CONAN THE LIBRARIAN	kl. 6
THE BOOK OF ELI	kl. 5:50D - 8:10D - 10:40D
IT'S COMPLICATED	kl. 5:30 - 8 - 10:10
SHERLOCK HOLMES	kl. 10:30
SÁMBÍGN AKUREYRI	
CARMEN Ópera	kl. 6
THE BOOK OF ELI	kl. 10
BJARNFREDARSON	kl 5:40
SHERLOCK HOLMES	kl. 8
UP IN THE AIR	kl. 10:30

Livre de jour

Opinskáar játningar háklassabókavardar

„... Ég vissi að Arnaldur lá hálflesinn á náttborðinu en hugsunin um að kíkja aðeins í Gunnar Karlsson var of kitlandi til að hægt væri að sleppa því.“



bjartur

Orð dagsins: trimethylammonio- methylated

Á við það þegar kjöt verður seigt vegna rangrar meðhöndlunar. Sagt er að kjöt sé trimethylammoniomethylated þegar það hefur verið fryst áður en dauðastirðnunarferlinu er lokið og er þítt upp aftur.

Stundum líka í yfirfærðri merkingu um fólk sem þráast við í einhverri sérvisku, sbr. „Þú ert alveg trimethylammoniomethylated, maður!“

*Birgi þótti Guðmundur mjög trimethylammoniomethylated á nýársgleði
Hlöðvers Ljósmynd/Ný Útsýn*



Vitagagnslaus fróðleikskorn



Kverúlantisma er hægt að lækna

Fáið upplýsingar um endurgreiðslur Tryggingastofnunar hjá sérmenntuðu starfsfólki okkar

Læknasmiðjan, Hvolsvelli



Hver er maðurinn?

(svar á baksíðu)

Landsbókasafnið.

Samkvæmt 1. gr. í Reglum um afnot Landsbókasafnsins eru allir lánarakendur áminnir um, að skila öllum þeim bókum, er þeir hafa að láni úr safninu, fyrir 14. d. máim. næstk., og verður engin bók lánuð út úr safninu 1.-14. máim.

Landsbókasafninu 27. d. apríl. 1915.

Jón Jakobsson.

„Timarit.is býður upp á besta flassbakkið í bransanum í dag“



**Stórafmæli
2010**

**Stórafmælisbörn
ársins**

Emilía verður 60 27. apríl
Jökull verður 40 25. júní
Jóhannes verður 60 8. júlí
Marta verður 30 15. ágúst
Óskar Árni verður 60 3. október

Stuð dagskráin 2010 verður í

BÓKHLÖÐUNNI

Krýndar verða:

**Ungfrú útlán
Dewey-módelið 2010
Fulltrúi upplýsingaborðs
Bókhöfundaryrirsætan 2010**

Valdir verða fulltrúar í eftirfarandi keppnir:

**Academic Librarian of the Year
Miss IFLA
Miss Scandinavian Music Libraries**

☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆

☆☆ **MODEL**
☆☆ **79**



☆☆ Sýna hvernig á
☆☆ að komast í form
☆☆ með fjallgöngu.
☆☆ heilsufæði og
☆☆ Jane Fonda

☆☆ **3.-23. febrúar**

☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆☆

Heiðar
Jónsson kynnir
Stulkingar koma
fram í sundfötum
frá



sem fast í



Ræflarokksveitin "Grýlurnar" tekur nokkur númer af plötunni **Aðal-fundur** í apríl.

Matseðill

Gott er að borða gulrótina
Grófa brauðið, steinseljuna
krækiber og kartöflur
og kálblöð og hrámeti.
Þá fá allir mettan maga
menn þá verða alla daga
eins og lömbin ung í haga,
laus við slen og leti



DJ Thorny Hlynz heldur uppi stuðinu og leikur lög með **Billy Joel** langt fram á sumar!



Freyðandi krús af vinsæla **bjórlík-inu** okkar fylgir hverjum aðgöngumiða

Skopsagnir

Það var síður í Mentaskólanum að menn máttu ekki neyta tóbaks í tímum. Þó var það liðið að piltar tæki í nefið, en ekki máttu þeir ganga um með tóbaksílát. Piltur einn braut þessa reglu, gekk um með tóbaksílát og bauð piltum. Kennarinn spígsporaði í kring um piltinn með reiðisvip, en sagði þó ekkert. Pilturinn rjetti þá að honum dósirnar og segir: „Kannske það megi annars bjóða kennaranum í nefið?“ Þá missir kennarinn þolinmæðina, slær dósirnar úr höndum piltsins og tóbakið fer út um alt gólf. Pilturinn hristir höfuðið, beygir sig eftir dósunum og segir: „Er það nú uppeldi!“

Bjarni prestur var oft viðutan. Einu sinni ætlaði hann að heiman, tók hnakk sinn og lagði öfugt á hest sem stóð á hlaðinu. Piltur einn, sem viðstaddur var, hljóp til og ætlaði að snúa hnakknum við fyrir prest, en hann snerist illa við og segir:

„Hvern fjandan veist þú hvert jeg ætla.“

Jónas Jónsson frá Hriflu var dómsmálaráðherra í þátíð. Hann var í eftirlitsferð á vinnu hælínu á Eyrarbakka, og var að spígspora þar í fangagarðinum meðal fanganna. Starfsmaður á vinnuhælínu gengur til hans og segir:
— Ert þú búinn að vera lengi hjerna?

Jakob J. Smári segir í Skírni, CX. árg.: „Íslensk fyndni sýnir, að við Íslendingar erum ekki eins daufir og ófyndnir og okkur er stundum borið á brýn.“




Síðasta myndin sem náðist af hópnum fyrir gönguna örlagaríku. Ljósmynd/Þjóðhátíðarblað Vestmannaeyja


Lífshlaupara ákaft leitað

Laugardaginn 6. febrúar síðastliðinn lagði hópur starfsmanna Þjóðarbókhöðunnar af stað í göngu uppá Esju. Var ætlunin að ganga uppá topp og til baka aftur. Guðlaugur Kristleifsson langhlaupari, sem hitti hópinn í Esjuhlíðum á laugardaginn, sagði að mikill hugur hafi verið í göngumönnum, einhver æsingaglami, og heyrði hann á tali göngumannanna að „nú skyldi rústa þessu Lífshlaupi“, „...við förum bara yfir Esjuna alla leið yfir í Hvalfjörð ha ha ha“. Honum hafi hreinlega ekki litist á blikuna og því forðað sér niður hið snarasta áður en honum væri kiptt með í þessa heimskuför. Guðlaugur var að sögn sjónarvotta mjög hrakaður eftir þessa uppákomu en hefur einsett sér að byrja að hlaupa aftur hið fyrsta. Ekkert hefur spurst til gönguhóps Þjóðarbókhöðunnar síðan.

Bjölludjús bókalús



Hann Bjölludjús bókalús barst óvænt á safnið með bókakössum úr VRÍI og nú er hann rammvilltur. Getið þið hjálpað honum að finna leiðina út?



Bjölludjús bókalús
fann sér skjól við feiknarstórt hús.
Inn svo læddist undurhljótt
svaf í holu sætt og rótt.
Bjöllu– Bjöllu– Bjöllu– Bjölludjús
hugfanginn hann trítlar um bókmenntahús

Svar við þrútt á síðu 6: Ólafur Grímur Þjórtsson